

# TIL HAMINGJU ÍBÚAR Á SNÆFELLSNESI



Í tilefni af þeim tímamótaatburði að sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa náð Green Globe vottun fyrst allra sveitarfélaga í Evrópu og þau fjórðu í heiminum, bjóða þau til hátíðar í **FJÖLBRAUTARSKÓLA SNÆFELLINGA, GRUNDAFIRÐI SUNNUDAGINN 8. JÚNÍ KL: 14:30**

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ:

- Söngur Karlakórinn Kári
- Afhending vottunarskjala til bæjarstjóra, oddvita og þjóðgarðsvarðar
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands – ávarp
- Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis og 1. þingmaður Norðvesturlands – ávarp
- Róbert A. Stefánsson, formaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness – Yfirlit um verkefnið og árangur í umhverfismálum í vottunarferlinu
- Stefán Gíslason afhendir styrki úr Umhverfissjóði Snæfellsness
- Söngur Karlakórinn Kári
- Kaffiveitingar í boði sveitarfélaganna

Í Fjölbrautarskólanum verður jafnframt sýning á umhverfisverkefnum nemenda úr Grunnskólanum í Snæfellsbæ og Leikskólanum Sólvöllum, Grundarfirði.

## Á SUNNUDAGSMORGNINUM ER BOÐIÐ UPP Á EFTIRFARANDI DAGSKRÁ:

Í *Þjóðgarðinum Snæfellsjökli* er ferð að refagreni undir leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Mæting á Malarrífi kl: 11:00. Jafnvel er búist við að „kunnuglegir“ refir láti sjá sig. Ferðin tekur um 1-2 klukkustundir.

Félagar í *Skógræktar- og landverndarfélaginu Undir Jökli* taka á móti gestum í *Tröðinni, Hellissandi* milli kl. 11-12.

Gunnar Njálsson hjá *Skógræktarfélagi Eyrarsveitar* er með umhverfisleiðsögn í *Brekkuskógi* kl: 11:00.

Náttúruskoðunarferð er á vegum *Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness í Stykkishólmi*. Mæting kl. 11:00 við Ráðhúsið.

